

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
legri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 4/1878:

Rjettvísinn  
gegn

Bjarna Björnssyni og  
Guðrúnu Hákonardóttur.

D ó m u r :

Með dómi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarð-  
arsýslu frá 17. nóvbr. f. á. eru hin ákærðu, Bjarni  
Björnson og Guðrún Hákonardóttir frá Hvítárósi fyrir  
ýmsar tilraunir með læknismeðulum að eyða fóstri  
hinnar ákærðu, svo og hinn ákærði enn fremur fyrir  
þjófnað og sviksamlega meðferð á eigum annara, dæmd,  
hann í 3 ára, og hún í 2 ára betrunarhúsvinnu, og  
til þess in solidum að greiða allan af málinu löglega  
leiðandi kostnað, og hafa hin ákærðu áfrýjað dómi  
þessum.

Með eigin játningu hinna ákærðu, sem bæði eru  
komin á sakamanna lögaldur og ekki áður hafa sætt  
ákæru fyrir nokkurt lagabrot, svo og öðrum skýrslum,  
sem komnar eru fram undir rannsókn málsins, má á-  
lítast sannað, að hin ákærðu hafi verið samráða í því  
með meðölum að eyða fóstri því, er hin ákærða gekk  
með af völdum hins ákærða. Þannig hefur hin ákærða  
borið, að hinn ákærði hafi sagt við sig, að hann skyldi  
sjá fyrir «barni því, er hún gengi með», og hinn á-  
kærði, að hin ákærða hafi beðið hann að láta sig fá  
dropa til að drepa fóstrið þannig, að það kæmi í blóð-  
látum eða öðruvísi. Svo hefur og hin ákærða haustið  
1876 falað meðöl hjá yfirsetukonu, sem gæti eytt fóstri  
því, er hún gengi með, og atvikaðist við skýrslu yfir-  
setukonunnar, að rannsókn var höfðuð. Þar við hefur

sannast, að hinn ákærði hefur gjört þrjár tilraunir til þess að eyða fóstri Guðrúnar, fyrst með því að gefa henni inn 14 dropa, er læknir hafði úti látið til þess að hafa við hálsbólgu, og voru droparnir blandaðir saman við vatn í 2ja lóða glasi, en þá er þetta ekki hafði neina verkun, gaf hann henni aptur inn 8 dropa af sama meðali í hálfu staupi af brennivíni, og síðar í síðari hluta nóvember 1876, 8 dropa af skeiðvatni í hálfu staupi af brennivíni, og ætlaði hann meðal þetta svo sterkt, að það mundi duga til þess, er til var ætlast. Hinn ákærði Bjarni Björnsson er enn fremur orðinn uppvis að því, að hann, þá er hann var í vist fyrir þrem eða fjórum árum síðan að Hvanneyri, hafi frá húsmóður sinni stolið þrennum skæðum, virtum á 6 krónur, og nokkuð mörgum árum þar á undan frá húsbónda sínum Bjarna Bjarnasyni 1 fjórðung af hangikjöti, virtum á 2 kr. 67 aura, en þar sem hann enn fremur í dómi undirrjettarins hefur verið sakfelldur fyrir, að hann ekki hafi gjört grein fyrir rúmfatnaði, er hann hafði frá manni, er gjörði hann út, þá eru ekki fyrir hendi nægilegar sannanir, þar á meðal ekki skýrsla þess, er rúmfötin átti, til þess að álíta, að sviksamleg meðferð á þessum rúmfötum hafi átt stað.

Þar eð í hinni útgefnu stefnu í málinu, eða á annan hátt, ekki innifelst höfðun ákæru gegn Bjarna Björnssyni fyrir nauðgun á Guðrúnu Hákonardóttur, fyrirbyggur ekki þetta atriði til álíta, enda þótt að hjeradsdómarinn hafi tekið þetta atriði fyrir í dómi sínum og rjettilega sýknað hann þar fyrir.

Eptir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, er það sannað, að hin ákærðu hafa gjört ítrekaða verklega tilraun til þess að framkvæma fastráðið áform að eyða fóstri því, er hin ákærða gekk með af völdum hins ákærða, frá því í 19. viku sumars eða seinni hluta



ágústmán. 1876, enda þótt að hin viðhöfðu meðöl ekki hafi sakað, er hin ákærða ól barn með lífi sumarið 1877, og ber báðum hinum ákærðu fyrir afbrot þetta að sæta hegningu eptir hegningarlaganna 194. og 47. gr. og hinum ákærða Bjarna Björnssyni þess utan eptir 230. gr. sbr. 63. gr. Ákvarðast því hegningin fyrir hinn ákærða til 6×5 daga og fyrir hina ákærðu til 4×5 daga fangelsis við vatn og brauð. Að öðru leyti ber að staðfesta hjeradsdóminn, og ber hinum ákærðu eptir atvikum in solidum að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanna fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvers þeirra.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Bjarni Björnsson og hin ákærða Guðrún Hákonardóttir eiga að sæta, hinn fyrnefndi 6×5 daga og hin síðarnefnda 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í hjerði á undirrettarins dómur óraskaður að standa; svo borga og hin ákærðu in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara, málaflutningsmanns G. Pálssonar og svaramanna, málaflutningsmanns P. Melsteðs og cand. juris Kr. Jónssonar 12 kr. til hvers þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.